

**43. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 26. janúar 2012, kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.**

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Ævar Rafn Marínósson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, Gunnólfur Lárusson og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

**Dagskrá:**

1. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 12.01.2012**  
*Lögð fram til kynningar.*
2. **Fundargerð samrekstrarnefndar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, dags. 23.01.2012**  
*Lögð fram til kynningar.*
3. **Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 24.01.2012**
  - a. Í 1. lið fundargerðarinnar er lagt fram kauptilboð í Vesturveg 6b, að upphæð 4.000.000,- kr.
  - b. Í 2. lið fundargerðarinnar er lagt fram kauptilboð í Pálmholt 13, að upphæð 3.500.000,- kr.

SRK leggur til að tilboðunum verði hafnað og húsnæðisnefnd verði falið að gera gagntilboð sem eru nær fasteignaverði á almennum markaði á Þórshöfn.

*Tillagan felld með sex atkvæðum gegn einu.*

Oddviti leggur til að sveitarstjóri leggi fyrir næsta sveitarstjórnarfund ítarlega útreikninga á því hvað sölurnar muni kosta sveitarfélagið, þegar tekið hefur verið tillit til lágmarksframlags Varasjóðs húsnæðismála, ásamt greinargerð um ástand íbúðanna, og að þá verði tekin afstaða til tilboðanna.

*Tillagan samþykkt með sex atkvæðum. Einn sat hjá.*

*Fundargerðin í heild sinni samþykkt samhljóða.*

SRK bendir á að einn aðalmaður húsnæðisnefndar er fluttur á brott úr sveitarfélaginu og gefur kost á sér sem aðalmaður í nefndina þegar skipað verður í stað hans.

4. **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 24.01.2012**  
*Samþykkt samhljóða.*
5. **Fundargerð Eypings, dags. 12.12.2011**

Lögð fram til kynningar.

Siggeir vikur af fundi.

## 6. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum:

- Eigandi húsnæðisins að Fjarðarvegi 14 ráðgerir að klæða húsið nk. sumar.
- Framlag Varasjóðs húsnæðismála vegna sölu íbúðarinnar í Pálmholti 10 var 71% í stað 55% líkt og ráðgert var. Það þýðir að framlag sjóðsins verður 7,6 milljónir króna í stað 4,7 milljóna króna.
- Hagnaður varð af rekstri Naustins í desember sl.
- Fjölmenni kom að skoða nýju íbúðirnar í Miðholti þegar þær voru til sýnis 20. janúar sl. Þegar er búið að ganga frá tveimur leigusamningum.
- SRK spurðist fyrir um verkskýrslur frá Teikn á lofti sem farið var fram á á síðasta fundi sveitarstjórnar að yrðu lagðar fram. Ekki hefur tekist að nálgast umræddar skýrslur en sveitarstjóri upplýsir að þeirra sé að vænta fljótlega. SRK lýsir furðu á því að sveitarfélagið hafi greitt yfir 20 milljónir króna vegna aðalskipulagvinnu, án þess að slíkar upplýsingar liggi fyrri.

## 7. Bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 02.01.2012

Lagt fram til kynningar.

## 8. Skýrsla regluvarðar, dags. 17.01.2012

Skýrslan samþykkt samhljóða.

## 9. Bréf frá kennurum Grunnskólans á Þórshöfn

Í bréfinu er óskað svara við eftirtöldum fyrirspurnum:

- Hver er stefna Langanesbyggðar í íþrótt- og æskulýðsmálum?  
*Stefna Langanesbyggðar er að vinna að eflingu heilbrigðs-, íþrótt- og tómstundastarfs á meðal íbúa sveitarfélagsins og hafa um það samvinnu og styðja við þá aðila sem um slík mál fjalla.*
- Hver er stefna Langanesbyggðar þegar kemur að forvarnarstarfi?  
*Langanesbyggð hefur ekki mótað sérstaka forvarnarstefnu að öðru leyti en því sem fram kemur í svari sveitarstjórnar hér að framan. Hinsvegar má benda á að fræðslunefnd Langanesbyggðar hefur nýverið hafið vinnu við gerð forvarnarstefnu fyrir sveitarfélagið og er stefnt að því að hún liggi fyrir innan tíðar.*
- Með vísan í 4. lið fundargerðar sveitarstjórnar frá 1. nóvember 2011 þar sem ákveðið er að ráða ekki í stöðu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa að svo stöddu og sveitarstjóra falið að kanna aðra möguleika óskum við eftir upplýsingum um hvaða möguleikar hafa verið kannaðir.  
*Sveitarstjóri hefur átt viðræður við aðila um aðkomu að æskulýðs- og félagsmálum í Langanesbyggð en telur ekki rétt að upplýsa um þær að svo stöddu.*

Samþykkt með sex atkvæðum. Einn sat hjá.

#### 10. Lóðasamningur.

Sveitarstjóri kynnti lóðasamning á milli Langanesbyggðar og Olíudreifingar ehf., kt. 660695-2069. Stærð lóðar 2.525 m<sup>2</sup>. Landnúmer lóðar er 220730.

Sveitarstjóra falið að skrifa undir lóðarsamning.

Samþykkt samhljóða.

#### 11. Gjaldskrá

Lögð er fram gjaldskrá fyrir leikskólann Barnaból, skólamötuneyti og Tónlistaskóla Þórshafnar:

##### Tónlistarskóli

Gjaldskrá Tónlistarskóla Þórshafnar er **26.900 krónur** hver önn og skal innheimtast í upphafi hverrar annar.

##### Skólamötuneyti

Hver máltíð kostar **445 krónur** fyrir nemendur í grunnskólum Langanesbyggðar og skal gjaldið innheimtast mánaðarlega.

##### Gjaldskrá leikskóla Langanesbyggðar, Barnabóls á Þórshöfn

Gildir frá 1. febrúar 2012

###### a. Leikskólagjald:

Fjöldi tíma	Almennt gjald	25% afsl. m. 2. barni og einst. foreldrar	50% afsl. m. 3. barni
4 tímar	9.948	9.227	4.974
5 tímar	12.436	10.486	5.653
6 tímar	14.923	12.580	9.783
7 tímar	17.410	14.726	7.914
8 tímar	19.897	16.774	9.044
9 tímar	22.384	18.872	10.175

###### b. Fæðisgjald:

	Máltíð	Gjald á mánuði
Morgunverður	91,3	1.826
Hádegisverður	243,1	4.862
Síðdegishressing	91,3	1.826

###### c. Önnur gjöld:

¼ gjald	1.056 krónur/barn á mánuði
½ gjald	1.980 krónur/barn á mánuði

- Afslættir reiknast einungis af leikskólagjaldi en ekki öðrum gjöldum.
- ¼ gjald miðast við hvert korter – ½ gjald miðast við hverjar 30 mínútur

*Samþykkt samhljóða.*

## **12. Þriggja ára fjárhagsáætlun Langanesbyggðar.**

*Lögð fram til fyrri umræðu og vísað til seinni umræðu.*

SRK lagði fram eftirfarandi bókun:

Því miður missti ég af báðum umræðum um fjárhagsáætlun ársins 2012 en ég vill að það komi fram sú skoðun mín að fjárhagsáætlunin 2012 sé óraunhæf, miðað við rekstur sveitarfélagsins árin 2010 og 2011. Gert er ráð fyrir miklum sparnaði, bæði í launum og öðrum rekstrarkostnaði, sem ég tel mjög ólíklegt að sé hægt að ná. Því legg ég til að fyrir seinni umræðu 3ja ára fjárhagsáætlunar verði þegar samþykktum framkvæmdum í sveitarfélaginu bætt inn í áætlunina og launa- og rekstarkostnaður færður nær raunveruleika síðasta árs.

## **13. Sérreglur um byggðakvóta í Langanesbyggð**

*Sigurður Ragnar hefur þegar lýst sig vanhæfan til að fjalla um málið og sveitarstjórn samþykkt vanhæfið. Sigurður Ragnar vikur af fundi. Ólöf Kristín bendir sömuleiðis á vanhæfi sitt og óskar eftir að sveitarstjórn greiði atkvæði um vanhæfið. Vanhæfið borið upp og samþykkt. Ólöf Kristín vikur af fundi á meðan málið er til umfjöllunar.*

- Tillaga að sértækum reglum um úthlutun á byggðakvóta Bakkafjarðar lögð fram og sveitarstjóra falið að senda tillöguna til sjávarútvegsráðuneytisins.  
*Samþykkt með þremur atkvæðum gegn einu.*  
Íþ leggur fram eftirfarandi bókun:  
Með umræddri tillögu tel ég að verið sé að skerða hlutdeild útgerða á Bakkafirði í byggðakvótanum og óttast áhrif þess.
- Tillaga að sértækum reglum um úthlutun á byggðakvóta Þórshafnar lögð fram og sveitarstjóra falið að senda tillöguna til sjávarútvegsráðuneytisins.  
*Samþykkt samhljóða.*

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 20.00.